

Kæra forráðafólk og ungmenni 8. bekkja Garðaskóla,

Á Gagn og gaman dögum er í boði skálaferð fyrir 8. bekk dagana 28.- 30. október. Ferðin er lögð upp sem haustferð með umsjónarkennurum til að efla bekkjaranda og félagstengsl. Árgangurinn er tvískiptur og u.þ.b. 90 nemendur í hverri ferð sem tekur um sólarhring.

Mikilvægar upplýsingar:

- 8. ALH, 8. SSH, 8. VMÍ og 8. EHR eiga að mæta í skólann kl. 10:30 og leggja af stað kl. 11:00 mánudaginn 28. október.
- 8. ARO, 8. RBG, 8. ÞH og 8. RA eiga að mæta í skólann kl. 10:30 og leggja af stað kl. 11:00 þriðjudaginn 29. október.
- Gist verður í Vindáshlíð.
- Á dagskrá er útivist og kvöldvaka, spil og gaman. Haldið er heimleiðis um hádegisbil á brottfarardegi.
- Forráðafólk eru beðnir um að setja umsjónarkennara inn í mál nemenda sem þurfa að taka lyf, hafa fæðuóþol eða eru með aðrar sérþafir.
- Umsjónarkennarar fara með sínum bekkjum og eru í net- og símasambandi.

Kostnaður

- Þátttakendur greiða kr. 5000,- fyrir skálagistingu og mat.
- Innifalið í ferðinni er:
 - Miðdags hressing: Ávexti og brauð
 - Kvöldmatur: Pylsur
 - Kvöldhressing: Kex og ávextir.
 - Morgunmatur: Kornflex, ab-mjólk, brauð og ávextir.
- Að öðru leyti nesta krakkarnir sig sjálfir.
- Skólinn leggur til rútuakstur til og frá Vindáshlíð

Skráning og greiðsla

Gert er ráð fyrir að allir nemendur 8. bekkja fari í ferðina en búinn verður til greiðsluviðburður í Abler sem þarf að greiða áður en farið er í ferðina.

Með greiðslu er þátttaka nemenda staðfest.

Ef nemandi getur ekki farið í ferðina af einhverjum ástæðum þarf að hafa samband við umsjónakennara og sækja einnig um leyfi fyrir þessa daga í gegnum Innu.

Reglur og hegðun

Fararstjórar vilja minna á að í gildi eru aga reglur Garðaskóla og mikilvægt að farið sé eftir leiðbeiningum frá starfsfólki Vindáshlíðar og starfsfólki Garðaskóla.

Orkudrykkir (allir drykkir með koffíni) og öll vímuefni svo sem, nikótín og áfengi er bannað í ferðinni.

Útbúnaðarlisti

Reynið að takmarka farangur eins og hægt er. Við höfum ekki endalaust pláss í rútunum. Miðað er við að hver sé með svefnbúnað og svo eina stóra íþróttatösku eða litla ferðatösku fyrir föt.

Farangur:

- Svefnpoki, koddí og lak.
- Tannbursti, tannkrem og aðrar nauðsynlegar snyrtivörur eins og svitalyktareyðir.
- Útifatnaður, regnbuxur eða annar hlífðarfatnaður.
- Góður skóbúnaður.
- Náttföt og/eða þægileg kósýföt um kvöldið.
- Nærföt og sokkar til skiptanna.
- Inniskór – það geta verið köld gólf.

Skálaferðin er símalaus ferð og biðjum við forráðafólk um að taka samtalið með ungmennum um að skilja símann eftir heima. Það verður nóg að gera á staðnum svo engum ætti að leiðast. Njótum náttúrunnar og tíma frá tækjum. Umsjónamenn ferðarinnar verða með síma ef það þarf að ná í ungmennin á meðan ferðinni stendur.

Ásta Gunnarsdóttir námsráðgjafi og Vigdís Björk Agnarsdóttir þroskafjálfi verða í báðum ferðunum og alltaf hægt að ná í þær í síma.

Ásta s. 6948489

Vigdís Björk s. 8949483